

Allsherjarnefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 127/678  
komudagur 8.2.2002

Reykjavík, 6. febrúar 2002

**Málefni: Frumvarpi til laga um fasteignakaup (253. mál).**


Frumvarp þetta er afar mikil og vönduð smíð eins og við mátti búast af hendi prófessors Viðar Más Matthíassonar. Hann hefur rannsakað þetta réttarsvið manna mest hér á landi og hefur á síðustu árum skrifað mikið um fasteignakaup. Er hér kominn traustur grundvöllur að löggjöf á þessu þýðingarmikla réttarsviði, sem verða mun til mikilla heilla og langþráðra réttarbóta

Það hefur verið þýðingarmesti þátturinn í hagsmunabaráttu Húseigendafélagsins að stuðla að réttarbótum og bættri löggjöf um fasteignir. Má þar nefna gildandi lög um fjöleignarhús og húsaleigu. Félagið hefur lengi barist fyrir löggjöf um fasteignaviðskipti og hafa mörg bréfin og margar blaðagreinar verið ritaðar um knýjandi löggjafarþörf á þessu sviði. Eins hefur félagið ályktað um það efni margoft og vakið á því athygli við öll möguleg tækifæri. Þessi barátta félagsins bar loks árangur fyrir rúmum 2 árum þegar Viðar Már var ráðinn yfirsmiður og meistari frumvarpsins samkvæmt tillögu Húseigendafélagsins.

Var út frá því gengið að Húseigendafélagið kæmi að frumvarpinu á síðari stigum þannig að mikil þekking og reynsla félagsins á þessu sviði skilaði sér inn í væntanlegan lagatexta. Þannig gafst undirrituðum kostur á að fylgjast með verkinu frá upphafi og síðan að vinna náíð með Viðari Má að frumvarpssmíðinni s.l. sumar og haust. Þar komu fram margvíslegar ábendingar og tillögur, sem eru flestar eru innskrifaðar í þann frumvarpstexta, sem nú liggur fyrir. Undirritaður kom sem sagt sem sérfræðilegur ráðgjafi að samningu þessa frumvarps og hafði sem slíkur veruleg áhrif á efni þess. Er hann mjög sáttur við það og hvernig til hefur tekist og gengst glaður við ábyrgð sinni að því leyti. Þess vegna eru af hálfu Húseigendafélagsins engin efni til breytinga og betrubóta á þessu frumvarpi.

Lýsir Húseigendafélagið yfir einskærri ánægju með frumvarpið og þær ótvíræðu réttarbætur sem í því felast. Er félagið eindregið meðmælt því að frumvarpið verði án verulegra breytingar samþykkt á Alþingi svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllst,



Sigurður Helgi Guðjónsson hfl.,  
formaður Húseigendafélagsins.